

**Mars 2022 Matseðill og ýmsir viðburðir.**

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 30		Stafur vikunnar: Á		
		Tákn: Hjálpa		
28 feb Bolludagur	1 Sprengidagur	2 Öskudagur	3	4
	Saltkjöt og baunir	Pizza og franskar	Fiskur með karrý og ananas, salatbar	Skyr, heitt brauð og ávextir
Vika 31		Stafur vikunnar: Þ		
		Tákn: Þvo sér		
7	8	9	10	11
Köld bayonesskinka, kartöflubátar, brún sósa, maís og hrásalat	Fiskur í formi með parikumurosti, kartöflum og salatbar	BBQ Kjúklingur, hrísgrjón og spinatsalat	Steiktur fiskur, kartöflur salatbar og kaldar sósur	Kjúklingapasta í rjómasósu og hvítlauksbrauð
Vika 32		Stafur vikunnar: R		
		Tákn: Gulur		
14 Gulur dagur	15	16	17	18
Grænmetisbuff, kúskús, kaldar sósur og salatbar	Soðin fiskur, kartöflur, rúgbrauð, lauksmjör, tómatar og gúrka	Heilsteiktur folaldavöðvi, bátakartöflur, bernessósa, maís, ferskt salat	Þorskur með döðlupestói, bygg, hvítlaukssósu og salatbar	Grjónagrauttur, slátur, brauð og álegg
Vika 33		Stafur vikunnar: Ð		
		Tákn: Borða		
21 Mislitir sokkar dagur	22	23	24	25 Fjólublár dagur
Kjöt í karrý, hrísgrjón, kartöflur, rófur og gulrætur	Hakkabuff með karamelluseruðum lauk, rjómasósu og grænmeti	Pylsur í brauði með Kartöflusalati og Beikonsultu	Soðin bleikja, kartöflur, rúgbrauð, smjör, kaldar sósur og salatbar	Hakksúpa með rjómaosti, rifnum osti og snakki
Vika 34		Stafur vikunnar: Æ		
		Tákn: Klæða sig		
28	29	30	31	1 apríl
Grísasnitzel kartöflur, brún sósa, steikt rötargrænmeti	Plokkfiskur, kartöflur og soðið grænmeti	Lúxus pottréttur með hrísgrjónum og salati	Fiskiréttur með pasta og piparostasósu. Salatbar	

### **Bolludagur, sprengidagur, öskudagur**

Á bolludaginn gera börnin á Könglalandi og Kvistalandi brauðbollur, sem boðið verður uppá í morgunmatnum. Í síðdegisdrykk verður boðið upp á brauðbollur og vatnsdeigs-bollur með sultu, rjóma og glassúr eftir óskum hvers og eins.

Á sprengidaginn borðum við saltkjöt og baunir.

Á öskudaginn verður dansað og köttur sleginn úr tunnu á hverri deild. Börnin mega koma í búningum en þurfa einnig að vera með föt fyrir útivist. Fjórið hefst fljótlega eftir kl 9.

### **Gulur dagur**

Pennan dag ætlum við að hafa gula litinn áberandi. Það væri gaman ef börnin kæmu í gulum fötum, eða með eitthvað gult á fötunum eða í hárinu.

### **Downs dagurinn - mislitir sokkar**

Fögnum fjölbreytninni og komum í mislitum sokkum mánudaginn 22. mars.

### **Fjólublár dagur 25. mars**

Fjólublái dagurinn 26. mars er alþjóðlegur dagur til vitundarvakningar um flogaveiki.

### **Starfsmanna- og húsnæðismál**

Verið er að leggja lokahönd á breytingar á Reynilandi og fá tilskilin leyfi til að bæta við börnum vegna þessara breytinga. Einnig lítur út fyrir að það sé að greiðast úr starfsmannamálum svo hægt verði að taka inn fleiri börn þegar leyfin eru komin.

### **Starfsdagar í apríl**

Á skóladagatali í apríl eru þrír starfsdagar vegna utanlandsferðar sem fyrirhuguð var. Tveir af þessum dögum voru fluttir frá síðasta skólaári þegar ferðin var slegin af þá og ekki hægt að nýta dagana í annað. Þess vegna eru svo margir starfsdagar á þessu skólaári. Stefnt er að því að fara í kynnisferð innanlands í stað utanlandsferðarinnar.

### **Karellen**

Nú hefur Birkilundur fengið aðgang að Karellen. Starfsfólk hefur verið að æfa sig í að setja inn í kerfið til að átta sig á hvaða möguleika við nýtum og hverja við geymum.

Foreldrar þurfa að hlaða niður Karellen appinu, sem hægt er að sækja frítt á netið. Meðfylgjandi eru leiðbeiningar fyrir foreldra um það hvernig þeir ná í appið og hvernig þeir geta nýtt það.

Í appinu geta foreldrar sjálfir fylgst með upplýsingum um sitt barn, skráð forföll og fjarvistir barna og sent skilaboð á deildina. Deildarstjóri getur sent skilaboð ýmist á einn aðila eða marga eftir því sem við á. Möguleiki er að setja myndir þar inn líka þannig að foreldrar sjái myndir af sínu barni. Vonumst við til að þetta geti skapað góð tengsl milli heimilis og skóla og væntum þess að allir foreldrar nýti sér þetta. Vinsamlegast hafið samband við leikskólastjóra ef einhver vandkvæði koma upp.

Heimasíðan er í vinnslu og verður aðgengileg fljótlega.